

ÍS 47 ehf.  
Fagraholti 3  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 21. apríl 2021  
UST202011-037/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Áminning og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 17. mars sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna ÍS 47 ehf. vegna fráviks er skráð var í eftirliti í fiskeldi ÍS 47 ehf, Öfundarfirði, þann 17. september sl. Frestur var veittur til 31. mars sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. **Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Skila á ársyfirliti vegna undangengins almanaksárs fyrir 1. maí ár hvert. Uppfærðu ársyfirliti vegna árs 2019 hefur ekki enn verið skilað.

**Þann 4. desember barst stofnuninni ársyfirlit frá rekstraraðila. Stofnunin taldi ársyfirlitið ekki fullnægjandi og sendi rekstraraðila athugasemdir samdægurs og veitti frest til að skila fullnægjandi gögnum til 11. desember. Framangreint erindi stofnunarinnar var ítrekað 21. janúar. Þann 26. janúar bárust gögn sem stofnunin taldi ekki fullnægjandi og sendi stofnunin ítarlegar athugasemdir þann 10. febrúar og þess óskað að ársyfirlitið yrði uppfært með tilliti til þeirra. Þann 23. febrúar og 4. mars var framangreint ítrekað. Svör bárust frá rekstraraðila 4. mars þar sem rekstraraðili sagðist myndu senda stofnuninni gögnin í næstu viku. Þar sem stofnuninni bárust ekki viðbrögð frá rekstraraðila, var áformað að áminna rekstraraðila þann 17. mars sl. Ekki var brugðist við bréfinu og var erindið ítrekað þann 8. apríl sl.**

**Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist uppfærð gögn. Ljóst er að rekstraraðili hefur fengið ítrekaða fresti en ekki brugðist við. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né uppfærð og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 5. maí nk. til þess að skila inn uppfærðum gögnum, tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.**

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 94.200 kr.**

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur